

AUGLÝSING

um deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

1. Breyting á deiliskipulagi í Molduhrauni við Garðahraun 2.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi í Molduhrauni við Garðahraun 2. Í breytingartillöggunni er m.a. gert ráð fyrir einum stórum byggingarreit, en þeir voru tveir minni áður, auk þess sem nýtingarhlutfall grunnflatar húss á lóð má vera allt að 48,3% í stað 40% samkvæmt gildandi skilmálum. Að öðru leyti gilda skipulagsskilmálar svæðisins óbreyttir.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 25. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

2. Deiliskipulag – Afmörkun lóðar fyrir auglýsingaskilti við Reykjanesbraut og Vífilsstaðaveg.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt deiliskipulag þar sem afmörkuð er lóð fyrir auglýsingaflöttiskilti við gatnamót Reykjanesbrautar og Vífilsstaðavegar, norðan við Vífilsstaðaveg og vestan við Reykjanesbraut. Skiltið er þríhyrningslaga að grunnfleti, hver hlið um 6,5 m breið og hámarkshæð um 8,5 m.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 25. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Ofangreindar skipulagsbreytingar og skipulag öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Garðabæ, 9. ágúst 2002.

F.h. Garðabæjar,

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.